

Reykjavík, 9. október 2023

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Bls. | 1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga breytingu á lögum um pósthjónustu, nr. 98/2019 (þskj. 183 í 181. máli)

Hinn 14. september síðastliðinn lagði innviðaráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga breytingu á lögum um pósthjónustu, nr. 98/2019 (úrbætur á pósthmarkaði). Eins og getið er um í inngangi greinargerðar frumvarpsins er það lagt fram að nýju óbreytt. Hinn 27. febrúar síðastliðinn sendu SVP – Samtök verslunar og þjónustu umhverfis- og samgöngunefnd [umsögn um málið](#) og standa þær athugasemdir sem þar voru gerðar óhaggaðar. Jafnframt er að nýju rétt að benda nefndinni á afstöðu SVP til frumvarpsins á undirbúningsstigi á gáttinni, annars vegar í [umsögn um áformaskjal](#) vegna gerðar frumvarpsins og hins vegar [umsögn um drög að frumvarpinu](#).

SVP leggjast gegn samþykkt frumvarpsins nema þá því aðeins að samhliða verði ráðist í að breyta skilgreiningu á hugtakinu pósthjónusta í 22. tölul 4. gr. laga nr. 98/2019 til samræmis við hugtaksskilgreiningu pósthilskipunarinnar.

Enn á ný tekur ráðuneytið, í 5. kafla greinargerðar frumvarpsins, undir ítrekaða athugasemd SVP þess efnis að pósthjónustuhugtakið, og þar með gildissvið laganna, þurfi að útfæra nánar. Það gerir ráðuneytið með þeim orðum að rétt sé að *löggjafinn taki afgerandi afstöðu til þess hvort fyrirtæki reki pósthjónustu eða flutningsþjónustu og ef ekki, þá sé skilgreint hvers konar flutningsþjónustu þau reki*. Með öðrum orðum er því einfaldlega vísað til Alþingis að innleiða pósthjónustutilskipun ESB með réttum hætti.¹ Hins vegar er eins og áður tekið fram að *þetta skilgreiningaratriði [sé] til umjöllunar á vettvangi Evrópusambandsins og [snúist] um að fyrirtæki sem veita sambærilega þjónustu séu undir svipuðu regluverki*. Þá er á ný látin í ljós sú afstaða að það sé *mat ráðuneytisins að þetta þurfi frekari umjöllun og ekki sé tilefni til að gera breytingar á frumvarpinu vegna þessa enda lúti athugasemdirnar ekki að efni þess*. Með öðrum orðum þykir ráðuneytinu þetta verulega mikilvægt en ekki tímabært. Spyrja má hvort þá hafi í raun verið tímabært að setja lög um pósthjónustu ef það er enn óskýrt til hvaða starfsemi lögin ná?

Það er einfaldlega grundvallaratriði að fyrir liggi hvaða starfsemi teljist til pósthjónustu og falli þar með undir gildissvið laga um pósthjónustu og hvaða starfsemi teljist ekki til pósthjónustu. Í því samhengi sætir það furðu að ráðuneytið telji ekki tímabært að skilgreina pósthjónustuhugtakið í samræmi við ákvæði pósthilskipunarinnar.

¹ Pósthilskipun ESB, með síðari breytingum, má finna á eftirfarandi vefslóð: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A01997L0067-20080227>

Veiting póstþjónustu er skráningarskyld skv. 1. mgr. 5. gr. laganna, að viðlögðum dagsektum skv. 44. gr. laganna, póstrekendur eru skráðir og birtir skv. 2. mgr. 5. gr. laganna, póstþjónusta er háð eftirliti Byggðastofnunar skv. 4. gr. laganna, póstrekendur er skylt að auðkenna sig, halda úti viðskiptaskilmálum og gjaldskrá á vefsíðu, uppfyllta sérstakar þjónustu- og gæðakröfur og greiða rekstrargjald skv. 7. gr. laganna og á þá er unnt að fella alþjónustuskyldur skv. 9. gr. laganna. Undir slíkum kringumstæðum getur þeim orðið skylt að veita aðgang að dreifikerfi og aðstöðu og halda úti pósthólfum, póstkössum, reka áframsendingarþjónustu o.fl. Um meðferð kvartana og skaðabótaskyldu póstrekenda fer einnig eftir sérreglum VII. kafla laganna þar sem m.a. er að finna sérreglur um skráðar sendingar.

Til samanburðar eru farmflutningar háðir rekstrarleyfi þar sem rekstur einnar starfsstöðvar er meðal skilyrða, rekstraraðilar skulu hafa lokið sérstöku námskeiði, gerðar eru gæðakröfur til flutningabifreiða, flutningastjóri skal vera til staðar en tiltekið frjálsræði ríkir um viðskiptaskilmála þeirra, þ.e. þeir hafa tiltekið svigrúm til að semja við viðskiptavinum sína um hvernig réttindi og skyldur hvors annars. Bótaábyrgð farmflytjenda er hluti af þeim samningum en í þeim er m.a. horft til trygginga. Sérstök gjaldskrá gildir um leyfisgjöld vegna farmflutninga.

Undir þeim óljósu aðstæðum sem ríkja hefur Byggðastofnun skráð vöru- og hraðflutningafyrirtæki sem póstrekendur hér á landi eins og sjá má á skjáskotinu hér á eftir.² Hafa SVP m.a. verið til aðstoðar í málum þar sem Byggðastofnun hefur hóttað farmflytjendum dagsektum skrái þeir sig ekki sem póstrekendur!

Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Vefsíða	Tegund starfsemi
Íslandspóstur ehf.	701296-6139	Stórhöfða 29, 110 Reykjavík	www.posturinn.is	Póstþjónusta, alþjónustuveitandi
Burðargjöld ehf.	501097-2929	Pósthólf 8071, 128 Reykjavík	www.burdargjold.is	Póstþjónusta
DHL Express Iceland ehf.	580882-0729	Ármúla 3, 108 Reykjavík	www.dhl.is	Póstþjónusta
Dropp ehf.	580619-1260	Skútuvogi 11a, 104 Reykjavík	www.dropp.is	Póstþjónusta
Kröfumiðlun ehf.	480506-2190	Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík		Póstþjónusta
Póstdreifing ehf.	531213-1730	Hádegismóum 2, 110 Reykjavík	www.postdreifing.is	Póstþjónusta
Póstmarkaðurinn ehf.	421007-2920	Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík		Póstþjónusta
Vörumiðlun ehf.	660496-2389	Eyrvægi 21, 550 Sauðárkrúki	www.vorumidlun.is	Póstþjónusta

Það hlýtur hið minnsta að teljast afar sérstakt að ráðuneytið hafi ekki lagt upp með að skýra stöðuna á sama tíma og það tekur undir mikilvægi þess að það verði gert. Í raun vekur það furðu þar sem samræmi við málvenju og umræður á vettvangi ESB virðast helstu ástæður þess að ráðuneytið telur sér það ekki unnt. Komast SVP í raun ekki hjá því að draga í efa að á vettvangi ESB standi enn yfir umræður um hvað teljist til póstþjónustu og hvað ekki.

Það er mat SVP að tíðar umræður um fyrirkomulag póstþjónustu frá gildistöku laga nr. 98/2019 eigi ekki hvað síst rót sína að rekja til þess hvernig pósthjónustunin hefur verið innleidd hér á

² Sjá á vefsíðunni: <https://www.byggdastofnun.is/is/postthjonusta/skraningar-og-leyfi-a-postmarkadi/postthjonustufyrirtaeki-med-almenna-heimild>

landi. Tilskipunin var sett til samræmingar á reglum um pósthjónustu á EES-svæðinu auk þess sem henni er ætlað að stuðla að samkeppni á póstmaknaði og losa um hömlur en tryggja íbúum um leið tiltekna lágmarkshjónustu. Tilskipunin fellir tilteknar skyldur á aðildarríkin sem þeim ber að axla og útfæra í löggjöf, stjórnvaldsfyrirmælum og framkvæmd. Ef stjórnvöld hefðu gefið sér tíma til mótunar ígrundaðrar afstöðu til útfærslu skyldnanna væri minna tilefni fyrir samtökin að standa í bréfaskriftum í því skyni að fá mikilvægar skilgreiningar skýrðar.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur